

HEIMIR

III. árgangur

WINNIPEG, 1907.

10. blað.

STEPHAN G. STEPHANSSON:

MILLI LESMÁLS OG LJÓÐA

Á undan upplestri kvæða í gamlársgildi.

Í óveðrunum árin lengst af mætast,
Og úti' er kalt og hrollsamt flestri þjóð.
Og nú finst ykkur ætli' á ilt að bætast,
Því innifyrir kveði' eg vetrarljóð.

Eg skil það, vin, hvað veldur ótta þínum:
--En varnir engar geri' um sjálfan mig—
Þú kvíðir við að krokna' í ljóðum mínum,
Frá kolastónni' ef hreyfa yrðir þig.

Samt el eg von, að ykkur hepnist þrautin,
Þó engan vermi þetta, sem eg hef',—
Því jafnvel ísinn út' við jarðarskautin
Er undarlega fjarstæður við kvef.

Þau hafa stórskemst lungun okkar landa
Í lágsléttunnar berkласýkis reit,—
En jafnvel þeim er auðveldast að anda
Í útlofti' í hárra fjalla sveit.

Svo kvíðið engu fimbulvetrar fári,
—því frostleysan er stundum synda gjöld—
En takið sól og sumri' í nýju ári
Í sátt við liðið fyrir tunglskinskvöld.

LESTUR

EFTIR

GEORG BRANDES.

[Niðurlag]

Spurningunni, hvað vér eigum að lesa, verður ekki svarað að fullu út af fyrir sig, en af henni sprettur önnur spurning:

Hvernig eigum við að lesa?

Ungar stúlkur hafa stundum það orðtak, að þær lesi sig sjálfar út úr bókunum. Þær lesa helst eitthvað, sem sýnir þeim líkingu af þeirra eigin lífi og hugsunarháttum. Auðvitað getum við aldrei skilið neitt nema „gegnum“ okkur sjálfa. Þó er það ekki nauðsynlegt til að skilja bók, að við finnum okkur sjálfa í bókinni, heldur að komast í skilning um það, sem höfundurinn hefir viljað láta okkur vita með táknum þeim, sem persónurnar í bókinni mynda.

Gegnum bókina seilumst við inn í þá sál, sem hún á upptök sín í. Og þegar við förum þessa leið á fund þess, sem hefir skrifað hana, langar okkur til að lesa meira eftir hann. Okkur segir svo hugur um, að samband hljóti að vera milli ýmislegs, sem hann hefir skrifað, og þegar við lesum það í samhengi, skiljum við það og hann sjálfan betur.

Tökum t.d. „Gengangere“ eftir Henrik Ibsen. Það er bók, sem ekki er hentug unglingum, en hún er góð fyrir því. Þegar sú bók kom út, var hún nær í einu hljóði álitin ósiðsamleg bók. Næsta ritverk Ibsens, „En Folkefjende“, segir, eins og kunnugt er, frá því, hverju aðkasti baðlæknir í bæ einum varð að sæta, þegar hann lét það í ljós, að baðvatnið væri skaðvænt. Bæjarmenn vilja engar reglur setja um baðið, og þykir langtum óf dýrt að gera við það, eins og læknirinn hafði lagt til, en ráðast á lækninn, eins og honum væri að kenna um pestnæmið en ekki baðinu. Þessi sjónleikur var einskonar líking þess, hverjar viðtökur hið fyrnefnda rit hans, „Gengangere“, hefði fengið, og það verður betur skilið í sambandi við hið síðara rit.

Menn ættu helst að lesa svo, að menn sjái sambandið milli

rita hins sama höfundar, og sambandið milli rita hans og þeirra sem hafa haft áhrif á hann eða hann hefir áhrif á. Íhugaðu stundarkorn „Folkefjenden“ og taktu eftir því, hve mikil áherzla þar er lögð á það ranglæti, sem meiri hlutinn sýnir ætíð hinum einstaka, óháða manni; taktu eftir loka-tilsvörinum um styrkleikann að standa aleinn.

Ef einhver, sem veitti því eftirtekt, hve öflugar hugsanir koma hér fram, færi að grenslast eftir því, hvort eitthvað þessu líkt hefði áður staðið í norrænum bókum, þá mundi hann finna það í fullum krafti í bókum Sören Kirkegaards, og jafnframt sjá sambandið milli danskra og norskra bókmenta. Þannig komust vér fyrir lestur bókarinnar í kynni við manninn, sem að baki hennar stendur, og frá honum komust vér í kynni við þann andlega sambandshvirving, sem hann stendur í, og að þeim áhrifum sem þaðan eru runnin.

En á þennan hátt geta þó ekki allir lesið. Það er einkum við hæfi þeirra, sem eru gagnrýnir að náttúrufari. En allir geta lesið svo, að þeir geti dregið út siðalærdóminn úr því, sem þeir lesa. —

Eg hefi tekið það fram, að vér megum ekki búast við, að vér betrumst af tónum lestri, og ekki heimta af rithöfundinum, að hann betri oss með siðalærdómum. Vér eigum þó að lesa svo, að vér höfum not af þeim lærdómi, sem í bókinni er fölginn.

Eg tek til dæmis umsát og uppgjöf kastalans Soissons 3. marz 1814.

Eftir bardagann við Leipzig stóð svo á högum Napoleons, sem nú skal greina: Hann hafði 60—70,000 manna undir vopnum, niðurbælda og dauðuppgefna menn, sem flestir voru unglingar. Á móti þeim stóðu 300,000 hermanna vígbúnar, og voru þeir hinir hraustustu. Hershöfðingjar Napoleons létu undan síga inn á Frakkland á ringulreið. Hann fer á alla þá staði, sem hættan er mest, talar kjark í herflokkana, fer með þá til móts við innrásir óvinaliðsins og vinnur sigur við Brienne og La Rothier, þó liðsmunur sé svo mikill, að hann hafi að eins 1 á móti 5. En með því hann treysti sér ekki til, að ráðast á óvinina við svo mikinn liðsmun, sætir hann góðu færi, eins og

rándýr sem er á veiðum, og bíður eftir því, að óvinirnir geri glappaskot, sem hann er líka sannfærður um, að þeir muni gera.

Og það verður. Blucher og Schwarzenberg sækja inn í landið sinn í hvoru lagi. Napoleon fer móti Blucher, berst við hann fjóra daga í senn og hefir betur; ræðst svo á móti Schwarzenberg, rekur hann á flótta, neitar friðartilboði hans, af því hann vildi ekki láta Frakkland hafa sín eðlilegu landamerki, og fer síðan á eftir Blucher til þess að vinna algervan sigur á honum.

Þá verður alt í einu breyting á öllu, því kastalinn Soissons, sem hafði verið því til fyrirstöðu, að þeir Blucher og Schwarzenberg drægi lið sitt saman í eitt, gafst upp þegar minst varði.

Thiers segir um þetta: „Það var alveg víst, að Blucher hefði beðið ósigur. Í fyrsta sinn í þessari hertör voru allar sigurhorfur Napoleons megin—þar var herkænskan meiri, eins og vant var, og þar var líka miklu meira lið. Hvað gat valdið því að ástæður og forlög breyttust svo skjótt? Veiklegur maður, sem þó var hvorki svikull né hugflíll, og heldur ekki svo lélegur hershöfðingi, lét hótanir óvinanna telja sér hughvarf. Þannig varð þessi atburður hinn hörmulegasti í sögu vorri fyrir utan þann, sem varð árið eftir milli Wavre og Waterloo.“

Menn skyldu nú lesa söguna, eins og hún er sögð í bezta riti um hana, ritverki Henri Houssaye's: „1814“.

Þessi kastali hafði ætíð verið talinn mjög mikilsverð stöð á ófriðartímum. En fyrir 1814 hafði mönnum ekki komið til hugar, að gera við kastalann, að hann væri fær til varnar.—Hverjum kom til hugar, að ráðist yrði á Frakkland! Var nú farið að gera við hann, og var sá starfi falinn Moreau hershöfðingja—sem var ekki í ætt við hinn fræga mann með því nafni. Í kastalanum var ekki margt manns; 700 Pólverjar, djarfir og reyndir hermenn, en hálfsturlaðir út af óföllum föðurlands síns, þó þeim þætti vænt um Napoleon; 140 gamlir skotliðsmenn, og 80 riddarar. Þeir höfðu 20 litlar kanónur.

Þar voru því 900—1000 manns að samtöldu. Úti fyrir kastalanum stóðu 50,000 manna; Rússar, sem Winzingerode réð fyrir, og Prússar, sem Blucher réð fyrir, skotlið með 40 miklum

kanónum. Skothríðin hófst 2. marz kl. 11 árdegis. Á hádegi voru flestar kerrurnar skotnar undan kanónum kastalamanna, og fjöldi af liði þeirra óvíg. Á nóni sóttu Rússar að; 300 Pólverjar ráku þá af höndum, og réð ofursti Koszynski fyrir þeim. Þann dag féllu 23 af kasralamönnum, og 120 urðu sárir.

Meðan á þessu stóð, heyrðu þeir félagar, hershöfðingjarnir, stöðugt kanónudunur í fjarska og varð ekki rótt við það, Eftir 12 tíma skothríð var ekki sprottin sprunga á kastalanum. Þeir sáu að til þess þurfti 12 tíma enn, og ef til vill 36 tíma, og þeir áttu ekki kost á svo löngum tíma. Þeir voru að eins dagleið á undan Napoleon, sem var í hælunum á þeim.

Blucher sendi nú friðarboða í kastalann, kaptein Mertens. Þegar Moreau komst að því, að hér var að ræða um uppgjöf kastalans, vildi hann ekki tala meira við sendimanninn, og kvaðst enga samninga gera við herforingja, er ekki hefði skriflegt umboð í höndum. Eftir klukkustund kom Mertens aftur með bréf. Duglegur herforingi hefði ekki tekið á móti sendimanninum í annað sinn. Kastalinn var í engri hættu. Moreau hefði getað bætt þann skaða um nóttina, sem hann hafði orðið fyrir.

Mertens sló Moreau gullhamra fyrir hreysti hans og liðsmanna hans, og fór að öllu kænlega; hann taldi líka um fyrir honum og leitaðist við að sýna honum, að lið hans væri svo lítið, að engin von væri um sigur, þar sem óvinir hans hefði óvígna her, 50 mót einum af hans mönnum. Það væri mikill ábyrgðarluti að gera gagnslausa varnartilraun og stofna þannig kastalanum og bænum í hættu, þar sem alt yrði þá rænt og brent. Moreau kvaðst vilja láta grafa sig undir veggjum kastalans. En Mertens sá, að hann var á báðum áttum, og leiddi honum fyrir sjónir, að þó hann yrði að gefast upp á heiðarlegan hátt, væri honum leyft að slást aftur í hóp keisaraliðsins.

Hann reyndi að sýna honum, að eftir tvo, þrjá daga hlyti Soissons að gefast upp; þá mundu þeir af setuliðinu, sem eftir lifðu, verða herteknir og bæjarbúar rændir. Nú gæti setuliðið farið í friði.

Moreau átti ekki að fara eftir öðru en skipun sinni. Þar var

tekið fram, að „nota alt, sem unt væri, til varnár, gefa engan gaum að fréttum frá óvinaliðinu. og verjast jafnt hvíslunum þeirra sem áhlaupum.“ Enn fremur stóð þar: „Sá sem stendur fyrir vígi eða kastala á að minnast þess, að hann ver ríkið sjálf og að það getur haft stórkostlegar afleiðingar fyrir vörn ríkisins og heill herliðsins, ef hann gefst upp einum degi of fljótt.“

Moreau var nokkrum sinnum reyndur að hreysti. Enginn gat orðið hershöfðingi hjá Napoleon, nema hann hefði sýnt hreysti. En hann var ekki drengskaparmaður að sama skapi. Hann áleit, að nú væri farið að halla fyrir keisaranum, hvort sem var, og vildi ekki leggja sig í sölurnar til ónýtis.

Hann kallaði saman herráð í setuliðinu. Það kom þá í ljós, að af skotfærum voru til 3000 venjulegar hlöðslur og 200,000 hylkjahlöðslur. Menntu ekki á eitt sáttir, en fleiri urðu þó á því, að halda áfram að verja kastalann. Óðara en þessum fundi var lokið, kom nýr sendimaður frá liði bandamanna með skjal nokkurt; var þar farið stórum orðum um voðaáhlaup, rán og manndráp. Nýtt herráð kom saman og vildi gefast upp; hinn pólski ofursti var sá eini, sem mælti á móti, og vildi halda áfram vörninni, en hann fékk enga áheyrn, því fremur sem hann var útlendingur.

Moreau kallaði þá sendimanninn á eintal og lét það eftir, að hann gæfist upp með því móti, að engar nauðungarálögur væru lagðar á bæinn, og setuliðinu væri leyft að fara með vopn og farangur. Bandamenn hétu því. Í skipun hershöfðingjanna stóð þó: „Þegar herráðið hefir verið kvatt tillögu, ræður hershöfðingi sá einn, sem er fyrir kastala. Hann á að taka hið öruggasta og djarfasta ráð, ef það er ekki alveg óframkvæmilegt.“

Nú fór að birta. Sendimenn komu og fóru á víxl, skotin hættu og kyrðin var eins og í herbergi dauðsjúks manns. Hermönnunum í kastalanum fór að verða órótt. Átti nú að leggja af sér vopnin eftir svo góða vörn? Menntu fór að gruna margt. Hermönnunum fór ekki að finnast til um stjórnsemi hershöfðingjans, og bæjarmenn voru á sama máli. Honum var brugðið um hugleysi og föðurlandssvik.

Það var komið að dagmálum. Þegar minst varði, heyrðust

voðalegar kanónudunur. Öllum varð hverft við. Menn æptu í von og reiði: „Það eru kanónur keisarans! Keisarinn kemur!“ Það heróp hafði ætíð hleypt hugrekki í herinn, og skotið óvinunum skelk í bringu. Þeir voru ekki vonlausir um, að geta varist hershöfðingjum hans, en félst hugur, þegar þeir áttu að berjast við hann sjálfan.

Nú æpti hver um annan þveran: „Enga uppgjöf! Keisarinn kemur.“ Það var verið að þrátta um, hve margar kanónur Frakkar ættu að hafa á burt með sér, tvær eða fleiri. Þá sagði Woronzof hershöfðingi á rússnesku við Löwenstern: „Látum þá fara með öll vopnin, og mín líka, ef við að eins getum fengið þá til að fara úr kastalanum.“

Það var varla búið að skrifa undir samninginn, þegar nýjar kanónudunur heyrðust og nú miklu nær en áður. Moreau varð bleikur sem nár og greip í handlegginn á Löwenstern: „Þér hafði dregið mig á talar. Keisarinn kemur. Blucher er á flóttu. Keisarinn mundi hafa varpað honum í Aisne-fljótið, þó eg hefði ekki gefist upp. Hann lætur skjóta mig. Það er úti um mig.“

Napoleon gaf honum upp sakir, en það er sannað, að hefði kastalinn ekki gefist upp þá, var áður skipað svo fyrir, að umsátinni yrði hætt daginn eftir.

Það var orðtæki í Frakklandi í þann tíma, að ætíð skyldi skjóta seinasta skotinu úr kanónunni, því það gæti, ef til vildi, unnið á óvinunum. En Moreau vanrækti það. Annars hefði óvinir Frakka beðið ósigur, eftir því sem bezt verður séð, og Evrópa hefði þá litið alt öðruvísi út á vorum tímum.

Eg þekki enga lærdómsríkari, enga djúpsærri sögu en umsát Soissons, þegar hún er þannig sögð. Eg þekki enga siðfræðilegri sögu.

Það dugar ekki að halda því fram, að óvíst sé, hvort Napoleon hefði ekki beðið ósigur á einhvern hátt áður, þó hann hefði unnið sigur á Rússum, Prússum og Austurríkismönnum 1814. Það er að minnsta kosti líklegt, að hann hefði haldið velli. Hann var þá allur annar maður en áður, þegar hann lét meteorðadraumana eingöngu ráða við sig. Allir hans höfuðkostir voru þá þroskaðri en nokkurn tíma áður.

Menn geta fallist á þetta með mér og lítið svo á, hverjar afleiðingarnar mundu hafa orðið. Ef Soissons hefði ekki gefist upp, þá hefði Evrópa verið laus við voðalega afturkastsöldu um næstu 15 ár. Framtíð Evrópu leikur á þessum þræði. Þráðurinn er kliptur í sundur. Það er ekki fyrir hugleysi eða svik, og ekki fyrir þá lítilmensku, sem allir góðir menn varast, heldur fyrir drottinholla, heiðarlega lítilmensku. Í þessari sögu er fólgin sálarfræði hinnar heiðarlegu lítilmensku.

Menn finna að smásaman fer að líða að því, — fet fyrir fet. Það er ástæða sem eitt ber í sá fyrir því, að gera ekki það eina, sem hægt er að gera.

Líðið 800 á móti 50.000. Er það nokkur ástæða? Það hefir barist hraustlega fullan dag við þetta ofurefi. Er það nokkur ástæða? Kastalinn getur samt ekki varist nema örstutta stund. Er það nokkur ástæða? Ef ekki er látið undan, þá er saklausum mönnum stofnað í hættu. Það er með öðrum orðum: Það er líklegt, að lífi góðra manna verði borgið, með því að sýna nú lítilmensku. Vera má að með því að gefast nú upp, verði síðar færi á að sýna hreysti. Ecu þetta nokkrar ástaður!

Hér er ákveðið verk, sem ekki má láta óunnið. Hér er hin æðri skipun, sem skilmálalaust ber að hlýða. Hér er vilji keisarans, keisarans, sem allir gefa það sem keisarans er. Hér er Rhodus; hér á leikurinn fram að fara. Hér er sá punktur í í alheiminum, sem úrslitin velta á.

Og enginn af oss getur nokkurn tíma vitað, hvort sá punktur, sem vér stöndum á, getur ekki verið þess konar samskeyta-punktur, sem óendanlegir þræðir liggi frá í allar áttir. Vér vitum það ekki. Það eina vitum vér, að hér ríður á að reynast sem maður, ekki vesalmenni, — hershöfðingi, en ekki uppgjafamaður. Að öðrum kosti getum vér búist við því, — þegar vér með mestu virðingu mótstöðumanna vorra höfum lagt árar í bát og gefist upp á heiðarlegan hátt — að vér heyrum alt í einu til keisara-kánónunnar skamt frá oss og finnum, að vér erum glataðir, og eigum skilin afdrif varmennisins.

Þegar vér lesum þannig, að vér tileinkum oss persónulega það sem vér lesum, þá finnum vér þar innsta punktinn í gangi

viðburðanna, upptök athafnarinnar, punkt lyndiseinkunarinnar, punkt viljans, punkt ástríðunnar, þann Arkimedesar punkt, sem jörðin snýst um.— Mænutaug viðburðanna og sögunnar liggur þar opin fyrir sjónum vorum.

Af hverju eigum við þá að lesa? Til þess að auka þekkingu vora, leggja niður hleypidóma og öðlast meiri og meiri persónuleika. Hvað eigum við að lesa? Þær bækur, sem okkur fýsir að lesa, og við unum við; þær eru við okkar hæfi. Þær eru góðar handa okkur.

Einhver spurði kunningja minn: „Hvaða bækur þykir yður bestar?“ „Góðar bækur“, sagði hann, og það var vel svarað, því ekkert er fráleitara en að hlaupa eftir fyrirsögnum. Sú bók er góð fyrir mig, sem þroskar mig, sem eg hefi not af.

Hvernig eigum vér að lesa góðar bækur? Í fyrsta lagi með hlýjum hug, þar næst með „kritik“ (gagnrýni), og enn fremur, ef unt er, þannig, að lestur okkar hafi einhvern miðpunkt, og að vér sjáum eða förum nærri um samhengið, og loks þannig, að oss verði ljóst það siðalögmál, sem fólgið er í hverjum viðburði, sem frá er sagt. Með þessu móti getur heill heimur lokist upp fyrir okkur í hinni einstöku bók. Við getum kynst þar nokkru af mannseðlinu, með hinum mörgu tilbreytingum þess, og þar könnumst vér við sjálfa oss — og þar að auki finnum vér þar hin eilífu lög alnáttúrunnar. Loks getum vér, ef vér lesum með athuga, látið oss fara fram í siðgæðum, þegar við þreifum lifandi á og skiljum glögglega, hvað það er, sem gera ber og forðast.

(Tekið eftir Fjallkounni 1900)



Nokkrir fornmenn.

Framhald frá síðasta blaði.

Björn Halldórsson.

Björn er fæddur á Ketilsstöðum í Jökulsárhlíð í Norður-múlasýslu 28. Marzmánaðar árið 1831. Þar ólst hann upp hjá stjúpa móður sinnar og nafna sínum Birni Sigurðssyni þar til hann var 14 ára að aldri, þá flutti hann til foreldra sinna að



Björn Halldórsson.

Úlfsstöðum í Loðmundarfirði og dvaldi þar langa æfi síðan, eins og síðar mun getið.

Það mun hafa verið tilgangur foreldra og fóstura Björns að setja hann til menta, því undirbúningsfræðslu fékk hann hina beztu og langt fram yfir það, er þá tíðkaðist með bændasyni, sem ekki voru fyrirhugaðir af aðstandendum að ganga ætti mentavegin. Þá á ungaaltri nam Björn móðurmál sitt og þjóðarsögu auk ýmissa fornra fræða, er fáir alþýðumenn nú kunna að telja á fingrum sér. Ekkert varð þó af, að hann væri settur í skóla, og höftu mér eigi getað spurt upp atvik þau, er

þess urðu valdandi. En skaði var það mikill, því maðurinn var vel að sér gjör og lands og þjóðar vinur.

Björn er stórættaður og á hann kyn sitt að rekja í báðar ættir til margra ágætis manna þjóðar vorrar. Faðir Bjarnar var Halldór stúdent Sigurðsson prests að Hálsi í Fnjóskadal og Bjargar Halldórsdóttur Vídalíns, Bjarnasonar sýslumanns í Húnavatnshá og Hólmsfríðar Pálsdóttur Vídalíns lögmanns. Móðir Bjarnar var Hildur Eiríksdóttir, systir Magnúss Eiríks-

sonar cand. í Khöfn, en móðir Hildar var Þorbjörg Stefánsdóttir prests að Presthólum og Þorbjargar Stefánsdóttur prófasts Þorleifssonar stiptprófasts á Hólum.

Eftir að Björn yfirgaf fóstura sinn, dvaldi hann á Úlfsstöðum hjá foreldrum sínum til fullorðinsára. Árið 1856 andaðist faðir hans; tók Björn þá við búsforráðum hjá móður sinni og kvæntist hið sama ár Hólmsfræði Einarsdóttur Scheving. Vorið 1858 flutti móðir hans búferlum norður í Eyjafjörð, en hann sat eftir á föðurleifð sinni og reisti þar sjálfur bú. Þeim hjónum jókst brátt fé og græddist álit; tók Björn við hreppstjórn í sveitinni árið 1861. Því hélt hann meðan hann dvaldi á Úlfsstöðum, þar til árið 1880 að hann fluttist þaðan alfarinn. Á sama tíma var hann sýslunefndarmaður og eftir að sveitalögin nýju gengu í gildi, sveitaroddviti.

Að sveitungar Björns báru til hans fult traust og að hann naut bæði virðingar og tiltrú samsýslunga sinna, sýnir bezt, að árið 1873 var hann kjörinn fulltrúi Norðurmúlasýslu til Þingvallafundarins fræga, sem haldinn var það ár, til þess að undirbúa stjórnarskrá Íslands. Þar voru samankomnir ásamt Jóni Sigurðssyni allir helstu þjóðskörungar og þjóðarvinir landsins, og er það sá tími í æfi hans, er Björn dvaldi þar á þingi, að hann fær aldrei minnst, án þess að verða djúpt snertur, og sést þá bezt í ásýnd hins gamla manns, hve þjóðarást hans og ættartengslin fornu eru meðfædd eðli hans og samvaxin hreinustu og helgustu tilfinningum hans. Gamalniennið verður enn ungur er hann minnst atburða þeirra er þar skeðu og orða þeirra, er þar voru töluð, er orðið hafa að gæfuspá vorrar gömlu móður.

Árið 1880 seldi Björn óðalseign sína Úlfsstaði og keypti og flutti á Hauksstaði í Vopnafirði. Strax og hann kom þangað tók hann þar að sér sveitarstjórn. Þar dvaldi hann í 3 ár, en brá þá búi og fór að Vestdalseyri við Seyðisfjörð og dvaldi þar eitt ár. Árið 1884 flutti hann alfarinn með fólk sitt af landi burt til Vesturheims og kom þá um sumarið hingað til Winnipeg. Eftir skamma viðstöðu hélt hann ferðinni áfram suður til Dakota, til Íslendingabygðarinnar þar, og keypti sér land rétt suður af Víkinni (Mountain P. O.) og bjó þar þangað

til 1896 að hann hefir síðan dvalið hjá börnum sínum, er búsett eru fram og aftur um Manitoba og Dakota ríki.

Eftir að til þessa lands kom, naut Björn hinnar sömu tiltrúar og heima, því í skólanefnd Mountain-skólahéraðs var hann settur skömmu eftir að hann settist að syðra, þá nýkomin til þess að gera, ókunnugur flestum háttum og málum þessa lands, og hélt því í samfleytt 8 ár, unz hann gaf ekki lengur kost á sér.

Strax og hingað kom tók Björn drjúgan þátt í öllum félagsmálum Dakota-bygðarinnar, þó seinna kæmi hann þangað en hinir fyrstu. Mörg mál, er vér fáum ekki talið hér, en í þá daga þóttu stórmál og voru það í vissum skilningi og horfðu nýlendunni til heilla, áttu Birni og frankvæmdum hans gott að gjalda. Sérstaklega voru það samkomumál öll, er hann studdi með tveim höndum. Og það voru samkomur og kappræðuhöld, er fyrst vöktu það fjör og líf meðal Dakota-Íslendinga, er þeir síðan hafa orðið góðfrægir fyrir meðal VesturÍslendinga.

Þegar á unga aldri varð Björn snortin af skynsemistrúarhreyfingum þeim, er bárust til Íslands á öndverðri næstliðinni öld. Sérstaklega voru það þó rit Magnúsar Eiríkssonar móðurbróður hans, er fyrst vöktu hann til íhugunar um trúmál og ýmsa kyrkjusíði. Hann fann fljótt til þess, að hann gat ekki með huga og sál fylgt stefnu og anda hins forna Lútherdóms, eins og hann var, né eins og hann er endurreistur og uppvakinn hér á meðal vor útflytjendanna. Ekki hefir það þó ollað Birni neinnar vináttufæðar, því skoðanir hans hafa verið honum svo eðlilegar, að ekki hefir verið til nokkurs að fást um slíkt fyrir einn eða annan af hans eldri eða nýrri vinum. Hann hefir og jafnan haldið trygð og vináttu við menn, þótt á milli hafi þorið í trú.

Björn var einn með þeim fyrstu er samtök gerðu í Dakota-bygð til að efla trúfrelsi og víðsýni manna í þeim efnunum, og var hann einn af þeim helstu, er áttu hlut að máli, er „Menningarfélagið“ var stofnað, eins og áður hefir verið skýrt frá. Er hann mikið við fundahöld þess riðinn og á samkomum þess flutti hann oft ræður. Á þeim árum voru þeir helstir forgöngu-

mennt frjálsra skoðana þeir feðgar Brynjólfur Brynjólfsson og synir hans tveir, Skapti og Magnús, og af eldri mönnum þeir Ólafur Ólafsson frá Espihóli, Björn Halldórsson, Einar Jónas-son læknir og Jónas Kortsson.

Í Menningarfélaginu var Björn þar til það leystist upp og var hann þá forseti þess um það leyti. Hin síðari ár hefir hann verið meðlimur únítarisku hreyfingarinnar hér fyrir norðan.

Þetta eru að eins fá orð, og í flýti talin helztu æfiatriðin. Æfi Björns er orðin alllöng og helsti og bezti kafli hennar lifaður út á Íslandi. En þó eins og sést hefir hann lagt til sinn skerf eftir að hingað kom, nýlendulífi voru til fulltingsis.

Börn Björns og Hólmsfríðar, er fullorðins aldri hafa náð, eru sjö, og öll hér fyrir vestan haf. Það er Margrét kona Halldórs búfræðings Hjálmarssonar að Akra, N. Dakota. Björg, gift Birni A. Blöndal hér í bæ, nú látin fyrir fáum árum. Ólöf kona Gísla blikksmiðs Goodmans í Winnipeg. Guðrún Ingibjörg kona Einars Grímssonar Schevings bónda að Garðar, N. Dak. Magnús héraðslæknir í Souris, N. Dak., kvæntur Ólöfu dóttur séra Magnúsar J. Skaptasonar. Björn hótels-haldari í Cypress, Man., kvæntur Lilju Sveinsdóttur Sölvasonar frá Skarði í Skagafirði. Halldór verslunarmaður í Souris, N. Dak., kvæntur Amy Magnúsdóttir Stephánssonar.

Björn er fremur stór maður vexti, vel limaður og þrek-
legur. Hann hefir djarfmannlegt upplit og einarðlegan svip. Hann hefir ríka skapsmuni og kann betur að segja fyrir en hlýða. Heilsugóður hefir hann alla æfi verið og ber því aldur sinn vel. Fyrri á árum þótti hann hraustur að burð-
um og hafa honum enst kraftarnir vel. Hann er nú járn-
grár á hár og skegg, en ólotinn. Hann hefir alla jafna ver-
ið glaður í lund og bjartsýnn, frískur og fjörugur og því ekki
látið ýmsar misfellur mannlífsins á sér festa. Gjöfull og
gæstrisinn meðan hann var bóndi, bæði á Íslandi og hér og
ætið skemtiegur heim að sækja, jafnt við því búin að etja
kappi við gesti sína í orðræðum, mat eða drykk ef því var að
skifta og að leggja þeim holl ráð eða leysa þá úr vandræð-
ef þess var kostur.

Björn hefir ætíð verið sannur Íslendingur og hefir hann stundum sagt það í gamni, að nú á efri árum sínum hnegist hugur sinn altaf meir og meir að hinni gömlu góðu Ásatrú. Meir hefir hann numið af Hávamálum en Davíðssaltara og eins og Páll Vídalín forfaðir hans, vitnar hann oft til Snorra Sturlusonar og finnur þar beztan stað flestum náðum.

Björn hefir langa æfi elskað íslensk ljóð. Af yngri skáldum heldur hann mest upp á Jónas, séra Matthías og Þorstein. Hann er allvel hagorður sjálfur og telur sig skáld á hálfu aðra vísu, er hann kvað þegar hann las saknaðarljóð Jónasar: „Man ek þik mey“.

„Eik hefir lengi lága röðuls
Lagarbála kvistur séð,
En hvaðan engils fékstu fjöður
Fegurð mála hennar með?

Himna þengill Seraph sendi
Er svaf í ró á mjúkri sæng,
Fögur engill fræði kendi
Og fjöður dró úr gyltum væng“.

*

*

*

Ólafur Ólafsson „frá Espihóli“


—eins og hann er venjulega kallaður—er fæddur 16. Júlí 1834 á Auðbjargarstöðum í Kelduhverfi, eu ólst upp á Fjöllum í sömu sveit hjá foreldrum sínum, Ólafi Gottskálkssyni og Kristínu Sveinsdóttur—hreppstjóra að Hallbjarnarstöðum á Tjörnesi.—25 ára gekk hann að eiga Ólöfu Jónsdóttur og bjó 2 ár hjá tengdaföður sínum að Lóni í Kelduhverfi. Þaðan flutti hann til Eyjafjarðar, að Reistará, og síðan að Nesi og var þar 2 ár hjá Einari Ásmundssyni, voru þeir hinir mestu vinir og samrýndir mjög.—Þaðan flutti hann að Hringsdal og bjó þar 4 ár; var hann þann tíma hreppstjóri í Grýtubakkahrepp. Næst flutti hann að Espihóli og bjó þar rausnarbúi þar til hann flutti til Vesturheims sumarið 1873 með fyrsta útflytjendahópnum,

sem fór frá Akureyri með skipinu „Queen“. Voru þeir Ólafur og Páll Magnússon heitinn á Kjarna aðalforgöngumenn um þær slóðir, þeirrar útflutningshreyfingar, er þá hófst á Íslandi.

Það sumar dvaldi Ólafur í Ontario-fylkinu í Canada, en flutti um haustið til Milwaukeeborgar í Wisconsin. Þar dvaldi hann 1 ár. Þjóðhátíðarárið héldu Íslendingar þeir, er þá voru í Milwaukee, fyrsta Íslendingadag; höfðu þeir skrúðgöngu út í einn af skemtigörðum bæjarins; við það takifæri héldu þeir ræður Ólafur og Jón Ólafsson skáld. Var síðan myndað Íslendinga

félag af löndum vorum er til heimilis voru þar í borginni. Mun það hafa verið hið fyrsta þjóðlega félag er Íslendingar hafa stofnað í Vesturheimi.

Haustið 1874 fór Ólafur ásamt Jóni Ólafssyni og Páli Bjarnarsyni (Péturssonar, er stofnaði íslenska únít-ara söfnuðina í Wpg.) í landkönnunarferð til Alaska, er sumir höfðu þá augastað á sem heppilegu nýlendu-svæði fyrir Íslendinga.



Ólafur Ólafsson.

Ólafur og Páll höfðu vetrarsetu á Kadiak-eyjunni, en Jón Ólafsson hvarf heim aftur.—Sumarið eftir í Júní lögðu þeir Ólafur og Páll á stað heimleidis til Milwaukee, og komu þangað í Ágústmánuði.—Um þessar mundir var Sigtryggur Jónasson o. fl. að gangast fyrir myndun íslenzkrar nýlendu á vesturströnd Winnipegvatns, hafði hann ásamt öðrum Íslendingum skoðað það svæði. Kom hann um þessar mundir til Ólafs og hvatti hann og aðra Ísl. í bænnum að flytja þangað og varð það úr, að nokkrir létu tilleiðast að fara, þar á meðal þau hjónin Ólafur og

Ólöf, ásamt 2 fóstursonum, er þau höfðu með sér frá Íslandi, Ólafi Pá Friðrikssyni bróðursyni Ólafs, og Friðriki Sveinssyni, sem einnig var skyldur Ólafi, því Sveinn Þórarinsson (amt-mannsskrifari) faðir Friðriks og Ólafur voru systrasynir.—Eins og þá mun reka minni til, sem kunnugir eru því landnámi, voru fyrstu árin í Nýja-Íslandi hörmungarár fyrir landnemana; fyrsti veturinn var aftaka kulda og ófærða vetur og samgöngur við mannabygðir ómögulegar, en vistir þær er keyptar höfðu verið fyrir lán það er Canadastjórn hafði veitt til þessarar nýlendu-stofnunar, voru svo ónógar og óhollar, að fjöldi fólks veiktist með vorinu, sumir af skyrbjúg, og dóu þá um vorið um 20 manns af þeim 200, sem þangað höfðu flutt. Meðal þeirra sem dóu um vorið voru þau Ólöf kona Ólafs og Ólafur Pá fóstursonur hans. Næsta sumar geisaði bólan um bygðina og víðar, og árið þar eftir var mesta bágindaár.—Fjögur ár mun Ólafur hafa verið í Nýja-Íslandi, en lengur þótti honum ekki gerlegt að í-lengjast þar, enda var óánægja með nýlendusvaði þetta þá orðin svo mikil, að burtflutningar miklir hófust úr nýlendunni.

Tók hann sig þá upp og flutti þaðan alfarinn ásamt fóstur-syni sínum Friðriki, þess er áður var getið, og héldu þeir suður til Dakota. Nam Ólafur þar land í Garðarbygð. Þar gekk hann að eiga seinni konu sína Önnu Jónsdóttur frá Breiðstöðum í Skagafirði. Þeim hefir orðið fjögurra barna auðið; dóu tvö þeirra—drengur og stúlka, á unga aldri,—en 2 dætur þeirra eru hér í bænum, sú eldri, Ólöf, gift J. T. Goodman, er hefir mjólkurbú hér í bænum, og Friðey, sem er hjá foreldrum sínum.

Eftir 8 ára búskap í Dakota seldi hann bú sitt og gerðist póstafréiðslumaður að Garðar og gegndi því embætti eitt ár. Þá flutti hann að Mountain og hafði þar einnig póstafréiðslu, þar til hann ásamt nokkrum öðrum Dakota-Íslendingum flutti vestur í Albertahérað (sem þá var) í Canada og stofnaði íslenska nýlendu við Red Deer-ána. Þar bjó hann 3 ár, flutti síðan til Calgary-bæjar í sama héraði og var þar 2 ár. Þaðan flutti hann vestur í Okanagan-dalinn í British Columbia í bæ þann er Vernon nefnist, og var þar 3 ár. Síðan flutti hann til Winnipeg fyrir tæpum 10 árum og hefir dvalið hér síðan.

Má af þessu sífelda ferðalagi hans marka, að hann hafi verið allóeirinn um æfina og ætíð haft mikla tilhneigingu að breyra um bústað og freista gæfunnar á nýjum stigum.

Flestum sem Ólafi hafa kynst mun bera saman um það, að hann sé einn þeirra gáfuðustu og skemtilegustu manna, er þeir hafi fyrir hitt, og kippir honum í kynið í þeim efnum til þeirra Þingeyinganna. Hefir það verið staðhæft, að úr Þingeyjar-sýslu renni upp fleiri gáfumenn en úr nokkru öðru héraði landsins, og að þar sé öllu meiri bóklestur og mentafýsn en nokkurstaðar annarstaðar á landinu.

Þess má geta að á yngri árum aflaði Ólafur sér talsverðrar mentunar, þrátt fyrir mikla örðugleika, lærði hann auk skandinavisku málanna frönsku, þýzku, ensku og portúgísku, þá síðastöldu vegna þess, að í fyrstunni hafði hann ákveðið að flytja til Brazíliu, þar sem portúgískan er landsmál. En reynsla þeirra fáu Ísl., er til Brazílu höfðu þá fyrir nokkru flutt, virtist ekki benda á að ráðlegt væri fyrir þjóðflokk vorn að leita þar gæfunnar.

Snemma varð Ólafur mjög hrifinn af ritum og stefnu þeirra Fjölnismanna, einkum Jónasi Hallgrímssyni, og mun hann ætíð hafa verið hans uppáhaldsskáld, enda kann hann flest sem eftir hann liggur utanað. Vinskapur mikill var einnig milli þeirra Ólafs og Kristjáns skálds Jónssonar, ólust þeir upp á sama bæ, og voru systrasynir, er Ólafur talinn einn þeirra er mest áhrif höfðu á Kristján.

Hvarvetna er Ólafur hefir dvalið hefir hann notið hinna mestu vinsælda, jafnvel þeirra manna, er gagnstæðra skoðana voru, hefir svo mátt heita, að hann hafi verið hvers manns hugljúfi, er hann umgekt. Mun mörgum vera í minni hve frábærlega skemtilegur hann var heim að sækja; lék hann þá á alsoddi og fátt var það, er bar á góma, er hann var ekki heima í, og munu vandfundnir víslesnari eða fróðari menn, má segja að lestrarfýsn hans sé óslökkvandi.

Vel var hann máli farinn og hafði margur yndi af að heyra hann tala fyrir minnum í veizlum og á samkomum, enda hefir hann auðugt ímyndunarafl og fjölbreytt. Tók hann stundum

fjörugan þátt í kappræðufundum, er Dakotamenn stofnuðu til á fyrri árum. Þrýðilega var hann einnig ritfær, þó hann hafi lítið gefið sig við ritstörfu.

Mjög hefir hann ætíð verið frábitinn því að gefa sig við opinberum störfum eða embættum, þótt þeim stundum væri þrengt upp á hann, mun hann hafa verið fyrstur friðdómari, er skipaður var í Nýja-Íslandi. Einnig var hann kosinn í sveitarstjórn þar og var formaður hennar (Þingráðsstjóri).

Í trúarefnum mun hugur hans snemma hafa hneigst í skynsemistrúaráttina, eins og fleiri sveitunga hans, þeirra er upplýstari voru, enda hafði hann þá tækifæri að lesa ágætar útlendar bækur um þau efni, er talsverð áhrif höfðu á hann.

Af ísl. höfundum um trúmál mun honum hafa þótt mest koma til „spekingsins með barnshjartað“ Björns Gunnlaugssonar stjarnfræðings, og mun óhætt að fullyrða að hann kann og skilur Njólu betur en nokkurt barn kverið sitt.

Ritum og kenningum spiritista, einkum frakkneskra, var hann kunnugur áður en hann flutti frá Íslandi. Hefir hann síðan ítarlega kynt sér lífsskoðun þeirra og hefir hann í aðalatriðum aðhlyzt kenningar þeirra, þó hann sé móthverfur og hafi ýmigust á ýmsum blekkingum og bábyljum, er saman við þá hreyfingu hafa tvinnast og komið óorði á hana í margra augum.

Má í þeim efnum skipa honum á bekk með Einari Hjörleifssyni ritstjóra, er hann hefir ef til vill haft nokkur áhrif á í þessa átt, því sérlega féll vel á með þeim, er þeir kyntust hér vestra. Eru þeir báðir eindregnir andstæðingar „orþódoxíunnar“, en báðir í göfugum skilningi trúmenn.

Ólafur er maður fríður sýnum, svipurinn hreinn og augun gáfuleg, og bregður oft fyrir glampa í þeim, er hann talar um hugðnæm efni. Er þá eins og lýsi sér í hinum broshýra viðkvæma og fjörlega andlitssvip hans hver tilfinningablær, sem hreyfir sér í sálu hans.

Mynd sú, er hér birtist af honum, er tekin af honum rétt nýlega, 72. ára. Hann er enn ungur í anda, þótt líkaminn sé farinn að stirðna.

SIGURINN.

Norsk saga eftir **Vetle Vislie**.

Jón Jónsson frá Sleðbrjót þýddi.

Þokan leið hægt að landinu utan af hafinu. Hún varð altaf þykkri og þykkri. Það sá síðast að eins glitta í gegnum hana í reykháfinn á eimskipinu, er bringdi í sífelli klukkunni.

Fyrir ofan þokubeltið skein sólin í heiði, og himininn var heiður og blár. Það var fagur sumarmorgun. Fjörðurinn er skarst inn á milli hárra fjalla, lá logndaður. Þar var hver smáeyjan við aðra og þær yztu við fjarðarmynnið voru hvítar af sífeldum öldupvotti, þegar hafði var í uppnámi.

Yzt í skerjaklasanum var Fjáreyjan. Hún var þskógi vaxin og hafði frá ómunatíð verið höfð til beitar fyrir útigangsfé. Af því dró hún nafnið. Fyrir utan, á yzta oddanum, var vitinn, skamt þar frá við vik nokkra var bústaður vitavarðarins. Lengra inn með víkinni var dálítið hús gráleitt til að sjá. Það var samt ómálað og hafði fiskimaður nokkur bygt það fyrir 10—12 árum. Hann hafði svo druknað í sjónum og ekkjan selt hús-
ið presti, er hniginn var að aldri, og vildi helst búa á afskektum stað við hafði, vegna heilsunnar, að sagt var.

Vitavörðurinn var gamall skipstjóri og hafði í æsku verið kunningi séra Holts. Hann sagði að prestur hefði einhvern tíma verið svo út á þekju, að hann hefði farið ranglega með sakramentið. Aðrir sögðu að prestur hefði slept sjálfviljugur embætti og hefði eftirlaun. Hann hefði fundið það, að samvizka sín og „hinn eini sáluhjálplegi lærdómur“ hefðu eigi verið í samræmi. Hann væri einn af þeim fáu, sem ekki hefði getað haft samvizkuna og „hinn sáluhjálplega lærdóm“ sitt í hvorum hempuvasa að grípa til „eftir atvikum“.

Hið sanna var, að séra Holt hafði orðið að þola harma mikla meðan hann var í blóma lífsins. Um fertugt hafði hann orðið að sjá á bak ástúðlegri konu. Einkasonur hans hafði ráðið sér bana ári síðar, í það mund sem hann áttiað leysa af

hendi embættispróf. Dóttir hans hafði beðið bana af slysi. Hann skorti þrek að þola slíkar raunir, og varð fálátur og gjarn til einveru, og var farinn að efast um að til væri réttlát forsón. Hann forðaðist að vera með nokkrum mönnum öðrum en yngstu dóttur sinni, sem fórnaði æskulífi sínu fyrir hinn aldurnhigna föður.

Að morgni þessa dags, er saga vor hefst, stóð hún úti og starði á sjóinn og hlustaði á klukkuhljóminn, sem heyrðist gegn um þokuna. Hún var klædd léttum morgunfötum. Hárið féll um herðar henni mikið og dökkleitt. Ef hún var litin aðgætnu auga, er hún stóð þarna, og starði á sjóinn með hönd yfir auga, hlaut það að vekja eftirtekt hvað magrir og grannir fingurnir voru á jafn þreklegri hönd. Hún hafði stór dökkblá augu. Augnaráðið var hálfflóttalegt og andlitið ósællegt og sló á það bleikum lit. Hún lauk upp dyrunum, sem láu út á litlu svalirnar og í þeim svifum kom faðir hennar út á eftir henni, Hann var hár vexti, með snöggeklipt hár og skegg, er hvorttveggja var tekið að hærast. Málrómur hans var dimmur og hálfhörkulegur, andlitið fölt og hrukkótt. Að öðru leyti sáust eigi á honum nein merki þess að hann væri í andlegri eða líkamlegri afturför.

„Hvaða óskapa hringing er þetta altaf“, sagði hann. „Þeir hafa nú látið svona síðan klukkan þrjú“,

„Það eru nú ekki allir svona varasamir“, svaraði mærin, „eg sá núna rétt á möstrin á nokkrum smáskipum úti á þokunni“.

„Það er annars leiðinleg þessi sífelda þoka“, sagði prestur. „Mér líður alls ekki vel.— Er ekki kaffið til?“

„Já, eg skal hlaupa inn og renna því í bollana“, sagði hún stutt og vék sér inn í litla eldhúsið við hliðina á borðstofunni.

Gamli maðurinn staldraði við um stund og horfði út á sjóinn. Svo gekk hann hægt inn og settist að morgunverði og borðaði með beztu lyst.

„Hefirðu sofið illa í nótt?“ spurði mærin.

„Já, það rann að eins á mig dálftill blundur. — Sjórin, sjófuglarnir og þessi sífelda hringing“.....

„Eg hélt þú værir nú farin að venjast því“.

„Ójá, en svo er nú framtíðin. Eg hefi áhyggjur um hana þín vegna. Eg finn það fer að verða óþolandi hér í sambýli við þessa náunga“.

„Við þurfum ekkert við vitavörðinn að sælda. Eg er sannfærð um að Bergan er bezt drengur“.....

„Hum! aðstoðarmaðurinn.— Hefði ef til vill orðið góður maður, hefði hann verið í betri manna félagi. Sambúð við óhlutvanda menn hefir eyðilagt meiri menn en hann. Við megum selja húsið og fara. Eg..“.

„Og fara hvert, faðir minn?“

„Ja, það veit eg ekki. Eg veit það hreint ekki“.

Hann varð órór í geði við samræðuna, misti matarlystina, stóð upp og þakkaði fyrir matinn stuttur í spuna, tók blað af alkunnu guðfræðis tímariti og settist út á svalirnar og tók að lesa.

Meðan mærin bar af borðinu las hann í ákafa, svo ákaft, að það dó í pípunni hans, sem þó bar sjaldan við. Svo spratt hann upp sem ungur væri og kallaði inn í stofuna. „Nei, Janna! hérna hitti eg á nokkuð, sem vert er að lesa“. Hún kom þegar út og settist við hlið hans.

„Þetta undar mig“, sagði hann. „Nú er deilt um alt milli himins og jarðar, enda guðfræðingarnir gera það. Það er alt vegið með og mót. Nú er ekki hver maður gerður að villutrúarmanni, sem eitthvað hugsar eins og var á mínum dögum. Ef nokkur prestur vogaði þá að segja eitthvað annað en þeir útvöldu, þá fekk hann vinsamlega bending um að víkja frá embættinu, eða þá það var komið af stað klögun frá nokkrum safnaðarmönnum. En nú—hérna er nú rithöfundur, sem lætur í ljósi sömu skoðunina er eg..vék úr embætti fyrir..að biblían sé að eins samsafn mannglegra ritverka“.

„Hver er hann, er skrifar þannig?“

„Séra Jörgensen, byskupsefnið“.

„Nú er það?“

„Nú er þetta spursmál farið að ryðja sér til rúms í hugum

manna, já, svona er það. En nú er það annað óg meira, sem eg er hugfanginn af“:

Mærin leit til hans spyrjandi augum, en þagði.

„Þessar raunsóknir“, mælti hann enn fremur, „eru auðvitað mjög þýðingarmiklar og samt er önnur spurning, sem svara þarf, er hefir enn meiri áhrif á mannlífið. Aðaláherzlan liggur ekki í trúarkreddum, eða hinum ýmislegu þýðingum trúflokka á orðum hinna helgu rita. Fyrir hvern mann er það mest áriðandi að gera sér ljóst hvort hann hafi nokkurn ákveðinn tilgang með lífsstefnu sinni. Eg spyr því ei framár: Er til þríeinu guð? Er Kristur getinn af heilögum anda? Eg spyr nú að eins. Er nokkur tilgangur sem ræður lífsstefnu manna? Og svo ættu allir að spyrja. Og svarið, sem hver einstakur greiðir sjálfum sér, það skapar þá svo edlilega lífsskoðun og trúarform í fullu samræmi hvað við annað.

„En, faðir minn. Fyrirgefðu að eg segi það. Er nú til nokkurs að vera að brjóta heilann um þetta?“

„Já“. svaraði hann. „Það eru nokkrir sem eru neyddir til þess. Þeir eru nú ekki móðins núna; nei, eg veit það. Þessi ákafi framkvæmdar tími heimtar það hart og kuldalega, að sál og líkami lifi af einu saman brauði“.

Hann stóð upp, gekk, með hendurnar að baki lagðar, aftur og fram um svalirnar. Það kom ætíð á hana titringur, þegar faðir hennar gekk svona og talaði með þessum ákafa um guðfræðisleg efni. Hún hafði engan áhuga á þeim. En hún vissi að faðir sinn varð að hafa einhvern til að tala við um þau, og þess vegna reyndi hún af öllum mætti að fylgjast með ræðuefni hans. Hann tók það upp aftur og aftur hve óttalegt væri fyrir þeim lífið, sem ekki væru í samræmi við sinn tíma, væru á undan honum, og hefðu aðrar skoðanir en fjöldinn hálfblindi.

„Eg skil ekki almennilega hvert þú stefnir“, sagði mærin, „ef til vill skildi eg betur ef þú nefndir mér dæmi“.

„En skilurðu það þá ekki, að eg get aldrei gleymt hver örög lög mín urðu“.

„Þú ættir að hætta að hugsa um það, faðir minn. Skeð

er skeð og þar fæst engin breyting á. Og svo komumst við vel af svona“.

Hann viknaði svo að hann gat engu svarað. Hún stóð upp og gekk inn í eldhúsið. Honum gramdist að hún fór, því nú varð hann að þagna. Hann greip þípuna, kveikti í henni og sökti sér aftur niður í að lesa hina merkilegu ritgerð.

„Faðir minn!“ kallaði mærin. „Það koma víst gestir“.

Hann stóð upp og leit undrandi til hennar.

„Það kemur bátur. Sérðu hann ekki þarna hjá hólmanum?“

„Já, jú, eg sé það. Stærðar flokkur sýnist mér—til vita-vörðarins líklega“.

„Nei, þeir stefna hingað; já, nú veit eg. Það er vita-vörðurinn, hann hefir um hríð verið inn í borginni og þetta eru líklega einhverjir vinir hans, sem með honum eru“.

„Já, drykkjubræður hans, vildirðu segja“.

„Ó, það þarf nú enginn að vera fyllisvín, þó hann sé með honum“.

„Hvers annars vegna ætti nokkur að dragast að honum. Skemtilegur er hann ekki og ekki er vitið eða þekkingin“.

„Nú, nú. Það getur nú verið, en“.—

„Janna, komdu inn með mér áður en þeir komu auga á okkur. Við skulum sem minst við þá sælda“.

Hann tók tímaritið, er hann hafði lagt á stólinn, og þau gengu hægt inn í stofuna. Mærin gægðist altaf út með gluggatjaldinu til að sjá á för þeirra.

„Þeir lifa og dafna“, sagði prestur, „gladur og áhyggjulausir eyða þeir sinni illu æfi. Engar sorgir þyngja þá. Þeir brjóta öll siðferðislög—og samt—æfinlega gladir og fjörugir, hafa enga samvizku, finna aldrei beiskju iðrunarinnar. — Er þetta réttvísi?“

„Æ, þeir hafa líklega við eitthvað að stríða samt“, sagði hún, og lét aftur dyrnar að svölunum.

Þokan huldi hafið enn. Sólin var komin hátt á loft og stráði geislum yfir jörðina.— Klukkan á eimskipinu hringdi—altaf.

Að stundu liðinni kom flokkurinn í land með háreysti mikilli þeir staðnæmdust við húsið prestsins. Rauðhærður maður holdugur mjög benti glannalega upp í gluggann og mælti ekki all-lágt: „Hérna býr hann náttuglan gamla“.

Prestur heyrði vel orð hans, og varð reiður mjög, en sat samt kyrr í stólnum. Fæti maðurinn hélt áfram: „Hann skýst æfinlega inn þegar hann sér til mín. Hann er ekki að ófyrirsynju ugla“.

Félagar hans hlógu dátt að fyndni hans, Hár maður dökkur á brún og brá, sem ekki var eins galsafullur og hinir sagði: „Þið eruð þó gamlir vinir og skólabræður?“

„Ja, vinir. Það þori eg nú ekki að segja. En skólabræður vorum við í 3 ár. Lásam saman undir próf. Hann hefir alla æfi sína verið sílesandi.“

„En þér hafið ekki verið það, herra vitavörður.“

„Guð komi til! Nei, eg smeygði mér undan því, og svo smeygði eg mér í burtu í siglingar. Hann vill nú ekki sjá mig, Fariseinn. Eg er nú gramur yfir því“.

„Það er nú varla sæmandi presti að vera með yður, herra vitavörður“, sagði hinn.

„Og fjandinn líka! Fyrir prest sem rekinn er frá embatti, ætti það að vera fullgott. Að minsta kosti aðhyllist dóttir hans aðstoðarmanninn minn, sem er þó engu minni syndaselur en eg“.

Að þeim orðum töludum, kipti hann í klukkuna á hvítu girðingunni umhverfis húsið. Presturinn kom þegar í stað til dyra. Þeir lyftu höttum í kveðjuskyni.

Niðurl. í næsta blaði.

HEIMIR kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar úrgangurinn.— Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimisbyggingunni austan við Unitarakyrkjuna, á suðausturhorninu á Sherbrooke og Sargent strætum, (582 Sargent Ave.) Winnipeg Man. —

Ritstjóri sra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.